




# Fréttablað

Verkalýðsfélags Vestfirðinga 3. árg. 1. tbl. júní 2012





# Sjómanna dagshelgin í Ísafjarðarbæ

## Laugardagur 5. júní

### Ísafjörður

- 10.30 Hópsigling frá Sundahöfn með skipum HG í Hnífsdal, bátar frá Björgunarfélögum taka þátt í siglingunni.  
12.00 Súpa og brauð í boði Verk-Vest í Guðmundarbúð.

### Suðureyri

- 13:45 Gengið frá Bjarnaborg til kirkju.  
14:00 Sjómannamessa í Suðureyrarkirkju.  
15:00 Kappróður á Lóninu.  
16:00 Knattspyrna: Ísland-Pólland á sparkvellingum.  
17:00 - 18:00 Opið hús hjá Klofningi ehf. á Hafnarbakkanum.  
18:00 - 20:00 Fiskiveislusmakk í Félagsheimili Súgfirðinga á meðan birgðir endast; fiskisúpa, lax og steinbítur.  
Tónlistaratriði: **Thida Phosri** frá Thailandi, **Magdalena Wadolowscy** frá Póllandi og **Eyrún Arnarsdóttir** frá Íslandi flytja tónlist frá öllum heimshornum.  
23.00 - 03.00 Dansleikur í Félagsheimilinu, hljómsveitin **KRÓM** leikur fyrir dansi.

### Flateyri

- 13.00 Íþróttasvæði: Leikir fyrir krakka og fullorðna. Landsleikur Ísland-Pólland. Hópsigling. Pylsusala á staðnum.  
Um kvöldið: Stórtónleikar á Vagninum: 20 ár síðan tónlistarmaðurinn KK gaf út plötuna Bein leið. Hljómsveitin Kraftlyfting sér um fjörið á eftir.

## Sunnudagur 6. júní - Sjómanna dagur

### Hnífsdalur

- 09.30 Sjómanna dagsguðþjónusta í Hnífsdalskapellu.  
15.00 Kaffisala Björgunarsveitarinnar Tinda í félagsheimilinu í Hnífsdal.

### Ísafjörður

- 11.00 Sjómanna dagsguðþjónusta í Ísafjarðarkirkju.  
13.00 – 17.00 Opið hús í Byggðasafni Vestfjarða í Neðstakaupstað.

### Suðureyri

- 14.00 Dagskrá við höfnina. Reiptog, beitning, kararóður, koddaslagur, brettahlaup, karaboðhlaup. Leifur Blöndal sér um skráningu í keppnisgreinar, s. 899-6310.  
20.00 Sigling um Súgandafjörð í boði smábátaeigenda.

### Flateyri

- 11.00 Messa í Flateyrarkirkju.  
13.00 Bryggju fjör: Reipitog, kappróður, koddaslagur, flekahlaup og fleira.  
15.00 - 17.00 Kaffisala Kvenfélagsins Brynju í Félagsbæ.

### Þingeyri

- 11.00 Sjómanna dagsmessa í Þingeyrarkirkju.  
15.30 Kaffisala Björgunarsveitarinnar Dýra í Stefánsbúð.

Óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn



Verkalýðsfélag Vestfirðinga  
Sjómanna dagsráð Suðureyrar  
Björgunarsveitin Sæbjörg á Flateyri  
Björgunarsveitin Dýri á Þingeyri  
Björgunarsveitin Tindar í Hnífsdal  
Björgunarfélag Ísafjarðar





## Samfélagsleg mismunur vegna búsetu

Við Vestfirðingar höfum mátt sætta okkur við ýmskonar samfélagslega mismunur vegna þess að við veljum að búa og starfa annarsstaðar en á höfuðborgarsvæðinu. Þennan ganginn ætla ég ekki að telja upp og benda fingri á öll þau atriði sem við sem landsbyggðarfólk þurfum að leggja í aukakostnað vegna búsetu umfram hinn almenna höfuðborgarbúa. Ég ætla hinsvegar að fara yfir mál sem okkur öllum er skylt og

gæti staðið okkur fyrir þrífum í mjög nálægri framtíð. Hérna er ég að vísa til barneigna og þeirra þjónustu sem barnshafandi konur þurfa að búa við velji þær og maki þeirra að festa búsetu sína hér.

Í flestum tilfellum er barnshafandi konum á Vestfjörðum boðið upp á viðunandi heilbrigðisþjónustu á meðgöngu. En er hægt að kalla það viðunandi þjónustu þegar t.d. barnshafandi kona á Patreksfirði þarf að dvelja allt að 6 vikum fjarri sínu heimili til að geta fætt barn þar sem fyllsta öryggis móður og barns er gætt? Kostnað við þessa fjarveru þarf fjölskylda konunnar að bera, en þó er komið á mótis við suma af kostnaðarliðunum af stéttarfélögum, vinnuveitendum og hinu opinbera.

Réttur barnshafandi kvenna er að mörgu leyti ágætlega varinn í fæðingarorlofslögunum sem sett voru árið 2000. Við þau lög styðjast stéttarfélög og vinnuveitendur þegar þarf að skera úr um hver eigi að bera kostnaðinn af fjarveru móður eða maka frá vinnu á meðan á meðgöngu stendur og einnig eftir fæðingu. Reynslan af lögunum er um margt góð en löggin eru manna verk og þarfnast endurskoðunar og lagfæringar eftir því sem reynslan kennir okkur.

Sé móðir frá vinnu vegna veikinda á meðgöngu fellur slíkt undir hefðbundinn veikindarétt hennar. Einnig er heimild í lögunum til að lengja fæðingarorlof um allt að tvo mánuði þurfi þunguð kona að hætta störfum meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Samkvæmt kjarasamningnum eiga barnshafandi konur rétt til fjarveru vegna hefðbundinna mæðraskoðanna án frádráttar frá launum þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma. Ekkert í lögunum virðist taka á því þegar barn í móðurkviði, sem er ekki viðurkenndur einstaklingur fyrir en eftir fæðingu, þarf að gangast undir skoðanir fyrir fæðingu.

Ítarlegar skoðanir á föstri í móðurkviði, svo sem snemmómsskoðun til að kanna litningagalla eða hjartaómskoðun á föstri eru ekki framkvæmdar á Vestfjörðum. Barnshafandi konur á Vestfjörðum þurfa því að leita til höfuðborgarinnar eftir slíkri þjónustu með ærnum tilkostnaði svo ekki sé talað um fjarveru frá vinnu og fjölskyldu. Þá kemur að því að svara þeirri spurningu hver eigi að borga vinnutapið sem hin barnshafandi kona verður fyrir? Á hún að bera þetta sjálf eða

er það skylda vinnuveitanda eða jafnvel sjúkrasjóðs stéttarfélags að greiða vinnutapið?

Sé konan sjálf hraust á meðgöngunni er ekki hægt að túlka slíka fjarveru sem veikindi, enda telst það að vera barnshafandi ekki til veikinda. Ekki er hægt að tala um veikindi barns þar sem barnið er ekki fætt og rétturinn til fjarveru frá vinnu og greiðslur vegna þess myndast ekki fyrr en barnið er fætt. Ítarlegri skoðanir á föstri í móðurkviði gefa þunguðum konum því ekki rétt til launaðrar fjarveru samkvæmt ákvæðum kjarasamninga um hefðbundnar mæðraskoðanir. Konan og jafnvel í sumum tilfellum makinn líka sitja upp með vinnutap sem þau verða að bera sjálf, ásamt kostnaði við ferðir og upphald vilji þau að ósk læknis, fara með ófætt barn sitt í skoðun. Þetta er með öllu ótækt og skora ég á alþingismenn okkar Vestfirðinga að beita sér fyrir umbótum í heilbrigðisþjónustu hér í fjórðungnum, þannig að barnshafandi konur á Vestfjörðum geti sótt þessa þjónustu sem næst sinni heimabyggð eða hið minnsta að barnshafandi konur geti sótt þessa þjónustu til höfuðborgarinnar án þess að verða fyrir kostnaði eða tekjutapi. Okkur Vestfirðingum fækkar alveg nógu hratt svo ekki sé verið að ýta undir þá fækkun með því að þrengja að fólki á barneignaraldri með niðurskurði á þjónustu sem hefur í för með sér auknið óöryggi þegar kemur að barneignum, svo ekki sé talað um umtalsveran tekjumissi í mörgum tilfellum.

Það var sláandi að heyra Herdís Hubner kennara við Grunnskóla Ísafjarðar segja okkur það í pistli á 1. maí að börnum í Grunnskólanum hefði fækkað um 100 á síðustu 4 árum og í fyrsta skipti í langan tíma þyrfti að segja upp kennurum vegna mikillar fækkunar barna. Þá kom einnig upp sú staða á Patreksfirði að engin börn voru fermd þetta vorið. Þetta eru sláandi staðreyndir fyrir okkur Vestfirðinga. Ekki bætir úr skák að dómsdagsspámennt segja að verði ekki spyrnt við þá höfum við tæp 30 ár þangað til við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að Vestfirðir eigi sér ekki viðreisnar von.

Þessari þróun verður að snúa við með samtaka átaki allra Vestfirðinga og þar skipta bættar samgöngur milli norður og suðursvæðis Vestfjarða öllu máli. Það munar miklu hvort góð heilbrigðisþjónusta er í 150 km radius eða hvort hún er í tæplega 400 km fjarlægð. Við landsbyggðarfólk eigum ekki sífellt að láta reka fleig í okkar raðir eins og Björn Snæbjörnsson formaður Starfsgreinasambands Íslands komst að orði í hátíðarræðu á 1. maí. Þar gerði hann samstöðu landsbyggðarinnar að umtalsefni og sagði það lífsspursmál fyrir okkur landsbyggðarfólk að standa saman. Það eru orð að sönnu. Föllum upp úr skotgröfunum og eigum málefnalega rökræðu um þau mál sem standa okkur fyrir þrífum í stað þess að láta upphrópanir og lýðskrum stjórna samfélagsmálefnum okkar. Náum lendingu í erfiðum málum þannig að við getum stolt kynnt búsetu á Vestfjörðum sem eftirsóknarverðan kost fyrir alla.

*Finnbogi Sveinbjörnsson,  
formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga*

### Fréttablað Verkalýðsfélags Vestfirðinga 3. árg. 1. tbl. júní 2012

#### Ritnefnd:

Finnbogi Sveinbjörnsson, ábyrgðarmaður

Eygló Jónsdóttir

Soffía Þóra Einarisdóttir

Kári Þór Jóhannsson

#### Ritstjórn:

Sigurður Pétursson

Prentun og umbrot: H-prent ehf, Ísafirði. Jón H. Engilbertsson

**Forsíðumynd:** Kári Þór Jóhannsson



Verkalýðsfélag Vestfirðinga  
Pólgötu 2, 400 Ísafirði  
Skrifstofan er opin frá 8.00 - 16.00  
alla virka daga.  
Sími 456 - 3190  
Fax 456 - 3113  
Veffang: [www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)  
Netfang: [postur@verkvest.is](mailto:postur@verkvest.is)

## Félagsfundur Verk-Vest ályktar gegn siðferðisbresti Framtakssjóðs



### Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Framtakssjóður Íslands  
b/t stjórnar sjóðsins  
Lágmúli 9, 7 hæð  
108 Reykjavík

#### Gullkálfsdansinn hafinn að nýju !

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga stóð fyrir almennum félagsfundi þann 8. maí 2012. Helsta dagskrár efni fundarins var að kjósa fulltrúa félagsins á ársfund Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Nokkuð heitar umræður sköpuðust um stöðu lífeyrissjóðanna í landinu og sérstaklega Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Í því samhengi var rædd aðkoma Lífeyrissjóðsins að Framtakssjóði Íslands, en félagsmenn í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga er stærsti hópur iðgjaldagreiðanda í Lífeyrissjóði Vestfirðinga. Fundarmenn voru á þeirri skoðun að með breytingum á stjórnarháttum og óheyrilegri hækkan launa stjórnarmanna Framtakssjóðs hefði siðferði sjóðsins dalað umtalsvert.

Í annarri grein siðareglna Framtakssjóðs Íslands sem fjallar um góða starfshætti segir:  
*„Stjórnarmenn og starfsmenn skulu gæta þess innan sem utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem dregið getur í efa hæfi þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðinn eða **skaðað ímynd hans.**“*

Var það samdóma álit fundarins að trúverðugleiki og ímynd sjóðsins hefði beðið hnekki vegna þess sem að ofan greinir. Samþykkti fundurinn því einróma að senda frá sér eftirfarandi ályktun.

*"Félagsfundur Verkalýðsfélags Vestfirðinga haldinn þriðjudaginn 8. maí 2012, krefst þess að stjórn Framtakssjóðs Íslands sjái sóma sinn í því að draga til baka óheyrilegar hækkanir launa til stjórnarmanna sjóðsins. Þessar launahækkanir eru úr öllum takti við þær launahækkanir sem launþegar hafa fengið í gegnum almenna kjarasamninga. Með þessari rakalausú óhæfu er stjórn sjóðsins að hefja sama dansinn kringum gullkálfinn og kom landinu á kaldan klaka árið 2008."*

Ísafirði 9. maí 2012  
F.h. Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður

# Starfsgreinasamband Íslands: Framhaldsþing samþykkti ný lög, skipulag og starfsreglur

Framhaldsþing Starfsgreinasambands Íslands – SGS – var haldið fimmtudaginn 10. maí í Reykjavík, undir kjörorðinu „Horft til framtíðar“. Megintilgangur þingsins var að ræða og afgreiða ný lög fyrir sambandið. Undanfarna mánuði hefur starfsháttanefnd unnið að breytingum á lögnum, um hlutverk sambandsins og uppbyggingu. Þá hefur stjórnkerfi sambandsins verið tekið til endurskoðunar með nýjum reglum sem eiga að bæta þjónustu og starfsemi þess gagnvart aðildarfélögnum. Rétt til setu á þinginu áttu 134 fulltrúar frá 18 aðildarfélögum. Fulltrúar Verk Vest voru þau Finnbofi Sveinbjörnsson formaður, Eygló Jónsdóttir gjaldkeri og Gunnhildur B. Elíasdóttir ritari.

Tillögur um skipulagsbreytingar Starfsgreinasambandsins voru samþykktar eftir töluverðar umræður. Áður hafði farið fram umræða um þær í aðildarfélögum SGS. Breytingarnar auka vægi formannafunda og fækka fulltrúum í framkvæmdastjórn sambandsins úr 13 í 7. Með þessu er stefnt að auknu lýðræði innan þessa stærsta landssambands ASÍ. Þannig verða nú fjórir formannafundir að lágmarki það ár sem ekki er reglulegt þing og þrjár formannafundir að lágmarki það ár sem reglulegt þing SGS er haldið. Nokkra athygli vakti þegar hluti þingfulltrúa lagðist gegn þeirri breytingartillögu



Björn Snæbjörnsson formaður Starfsgreinasambandsins.

Aðalsteinn Á. Baldursson, Framsýn í Þingeyjarsýslu, Halldóra Sveinsdóttir, Báunni á Suðurlandi, Kolbeinn Gunnarsson, Hlíf í Hafnarfirði, Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands og Sigurður Bessason, Eflingu í Reykjavík og nágrenni.

Varamenn í stjórn eru: Sigurrós Kristinsdóttir, Eflingu, Ásgerður Pálsdóttir, Samstöðu í Húnaþingi, Finnbofi Sveinbjörnsson, Verk-Vest, Vilhjálmur Birgisson, Vlf. Akraness og Magnús S. Magnússon, Vlf. og sjómannafélagi Sandgerðis.

Á þinginu var lögð fram ný starfsáætlun fyrir árin 2012 - 2013 og var hún einróma samþykkt. Áætlunin gerir ráð fyrir að sjö málaflókkar verði settir í forgang hjá skrifstofu sambandsins næstu tvö árin, en þeir snúa að kjaramálum, innra skipulagi, upplýsingamálum og imynd sambandsins, hagræðingu, málefnum útlendinga, fræðslu- og menntamálum og erlendum samskiptum. Drög að fjárhagsáætlun var jafnframt lögð fram á þinginu og var hún samþykkt. Í áætluninni er gert ráð fyrir áframhaldandi aðhaldi í rekstri sambandsins.



Gunnhildur, Ólafur og Finnbofi á þingi SGS.



Þingfulltrúar á þingi Starfsgreinasambandsins

að öll aðildarfélög fengu sent eintak af fundargerðum framkvæmdastjórnar. Þrátt fyrir þessa andstöðu náði tillagan fram að ganga. Þá sköpuðust nokkrar umræður um þá tillögu starfshópsins að eingöngu skyldi horft til þess að hlutfall kynja væri sem jafnast í framkvæmdastjórn, en ekki tekið tillit til landshluta eða starfsgreina. Var sú tillaga einnig samþykkt.

## Stjórn og starfsáætlun

Á þinginu var kjörin ný 7 manna framkvæmdastjórn, þrjár konur og fjórir karlar. Björn Snæbjörnsson frá Einingu í Eyjafirði var kjörinn formaður sambandsins og Hjördís Þ. Sigurþórsdóttir frá Afli á Austurlandi var kosin varaformaður. Þau hafa bæði gengt þeim embættum frá því vorið 2011. Með þeim í stjórn voru kosin:



## Samningar sjómanna á leið til sáttasemjara



Sævar Gestsson formaður Sjómannafélags Ísfrðinga ásamt samningamönnum sjómanna.

Stjórn Landssambands íslenskra útvegsmanna hefur ákveðið að vísa samningum við sjómenn til ríkissáttasemjara. Kjarasamningar sjómanna hafa verið lausir frá því í janúar 2011. Frá þeim tíma hafa samningsaðilar tvisvar sinnum samið sérstaklega um hækkun á kauptryggingu og kaupliðum í samræmi við launahækkanir á almennum vinnumarkaði. Fátt annað hefur gerst í samningamálum fram til þessa.

Sjómenn innan Verkalýðsfélags Vestfirðinga semja sérstaklega við útvegsmenn, en LÍÚ hefur samningsumboð allra útvegsmannafélaga á landinu, sem aðild eiga að samtökum þeirra. Samningaviðræður hafa legið niðri um langt skeið og hafa útgerðarmenn skákað í því skjóli að óvissa um framtíð kvótakerfisins og þar með rekstrarumhverfi útgerðarinnar geri þeim ómögulegt að endurnýja kjarasamninga. Nú hafa mál snúist á þann hátt að stjórn LÍÚ telur tímabært að koma hreyfingu á samningamálin.

Samningafundur LÍÚ og sjómannafélaganna var haldinn föstudaginn 18. maí og stóð í þrjú korter, án árangurs. Útgerðarmenn lögðu áherslu á lækun hlutaskiptanna vegna ýmissa kostnaðahækkanna sem útgerðin hefur orðið fyrir. Þessu hafnaði forusta sjómanna að sjálfsögðu, en ítrekaði jafnframt kröfu sjómanna um að útvegsmenn bættu sjómönnum afnám sjómannaafsláttarins. Því höfnuðu útvegsmenn. Í framhaldi af fundinum tilkynntu LÍÚ og Samtök atvinnulífsins að deilunni væri formlega vísað til sáttasemjara. Næsti fundur hefur ekki verið ákveðinn, en væntanlega verður hann boðaður af ríkissáttasemjara innan skamms.

## Ísbjörn ÍS nýr rækjutogari í flota Vestfirðinga



Ísbjörn ÍS í heimahöfn á Ísafirði.

Frystitogarinn Ísbjörn ÍS-304 bættist í skipaflota okkar Vestfirðinga fyrr á þessu ári. Skipið er um 1000 tonna frystiskip og verður gert út til úthafs rækjuveiða frá Ísafirði. Ísbjörn ÍS er í eigu rækjuverksmiðjunnar Kampa á Ísafirði og útgerðarfélagins Birnir ehf. í Bolungavík. Fyrir á útgerðarfélagið Birnir ehf. rækjutogarann Gunnbjörn ÍS og ísfisktogarann Valbjörn ÍS. Ísbjörn hefur þegar hafið veiðar, bæði á rækjumið við Norðurland og eins á mið norður í Barentshafi. Hefur skipið reynst vel. Vonir standa til að Ísbjörn geti veitt hátt í 2000 tonn af rækju á ári, sem hefur gríðarlega jákvæð áhrif á hráefnisöflun fyrir rækjuvinnslu Kampa. Tilkoma skipsins skapar 22-24 ný störf á sjó, því á svona skipi sem er úti þrjár vikur í senn eru að jafnaði tvær áhafnir. Tryggjari hráefnisöflun mun einnig skjóta styrkari stöðum undir starfsöryggi landverkafólks í rækjuvinnslu Kampa. Verkalýðsfélags Vestfirðinga færir áhöfn og eigendum árnaðaróskir og velfarnaðar með hið nýja skip.



Áhöfn og útgerð fá árnaðaróskir frá forystumönnum Verk Vest.

## Samningar smábátasjómanna í höndum sáttasemjara. Útgerðarmenn höfnuðu sérstökum Vestfjarðasamningi

Samningar Sjómannaambands Íslands (SSÍ) við Landssamband smábátasjómanna (LS) um kaup og kjör sjómanna á smábátum standa enn. Mikið beri á milli deiluaðila, enda ekki að undra þar sem ekki er til heildstæður gildandi kjarasamningur um kjör smábátasjómanna á landsvísi. Í dag eru laun og réttindi margra smábátasjómanna fyrir borð borin og oft verið að gjaldfella réttindi þegar kemur að veikindum og slysum þessara sjómanna. Þetta hefur skapað óánægju hjá smábátasjómönnum, enda á ekki að liðast að þessi réttindi séu gjaldféll.

Síðastliðið haust var reynt að koma á samningum smábátasjómanna í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga og Verkalýðs- og sjómannafélagi Bolungarvíkur (VSB) við félög smábátasjómanna á Vestfjörðum, Eldingu við Djúp, Krók á sunnanverðum Vestfjörðum og

Strandamenn. Í viðræðum þessara aðila voru lögð fram drög að kjarasamningi, en því miður náðist ekki samstaða meðal útgerðarmanna smábáta á Vestfjörðum um að fara þessa leið. Þá ákváðu stjórnir Verk Vest og VSB vað veita Sjómannaambandi Íslands umboð til að fara í kjaraviðræður við Landssamband smábátasjómanna fyrir hönd sjómanna. Þess má geta að Verk Vest og VSB töldu ríka hagsmuni liggja í því að semja heima, en því var hafnað.

Fátt hefur gerst í viðræðum Sjómannaambands Íslands og Landssambands smábátasjómanna og enginn fundur var frá því um páska, þar til 11. maí. Á þeim fundi var ljóst að lengra yrði ekki komist án aðkomu ríkissáttasemjara. Var því ákveðið að vísa deilunni með formlegum hætti inn á hans borð.

# Ísafjarðarbær og Verk Vest taka höndum saman til að tryggja framhald bíósýninga á Ísafirði



Eins og kunnugt er voru það Verkalýðsfélagið Baldur og Sjómannafélag Ísfirðinga sem stóðu að byggingu Alþýðuhúss Ísfirðinga árið 1935. Allt frá þeim tíma hafa kvikmyndasýningar verið í húsinu. Ísafjarðarbíó er nú með fáum kvikmyndahúsum á landinu sem starfrækt eru utan Reykjavíkur. Tækni við sýningar kvikmynda hefur breyst, þannig að sýningarvélur Ísafjarðarbíós gerast nú úreltar og ráðast þarf í kostnaðarsöm tækjakaup, til að tryggja áframhald bíósýninga með stafrænum hætti.

Stjórn Verkalýðsfélag Vestfirðinga leitaði til Ísafjarðarbæjar um samstarf til að fjármagna tækjakaup fyrir bíóið. Bæjaryfirvöld tóku vel í málið og gengið var frá samningum á milli bæjarins og verkalýðsfélagins, þar sem Ísafjarðarbær veitir félaginu styrk sem nemur 90% af álögdum fasteignagjöldum Alþýðuhússins til næstu 10 ára. Samningurinn tekur gildi frá og með næsta ári og var hann handsalaður á dögum.

„Þetta var grundvöllurinn sem við þurfum til að geta farið út í að endurnýja búnaðinn. Með því að fella niður fasteignagjöldin lítum við svo á að bæjaryfirvöld séu að sýna velvilja til samfélagslegra verkefna en það er líka gott fyrir andlit bæjarins út á við að geta boðið hér upp á kvikmyndasýningar,“ segir Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verk-Vest.

„Þetta er gríðarlega mikil fjárfesting, sem allt í allt mun nema á milli 12-14 milljónum króna. Við gátum þó aðeins sparað við okkur þar sem við fengum tveggja ára gömul tæki frá Laugarásbíói, sem lækkar heildarkostnaðinn töluvert. Hljóðkerfi sem keypt var fyrir bíóið árið 2005 passar við þau tæki og því þurfum við ekki að leggja

í kostnað vegna þess, en þrátt fyrir það er þetta mikil fjárfesting.“

Verkalýðsfélagið hefur einnig leitað til annarra aðila eftir fjárstuðningi vegna verkefnisins, svo sem Menningaráðs Vestfjarða og Landsbankans, en ekki hafa borist svör vegna þeirra styrkumsókna. Tilkoma nýs búnaðar eykur möguleika á nýtingu hússins að sögn Finnboga. „Digitalsýningar bjóða upp á ýmsa aðra kosti, svo sem beinar útsendingar og fleira. En þó að styrkur bæjarins sé fyrsta skrefið þá er langt ferli fyrir höndum. Við fáum tækin frá Laugarásbíói ekki fyrr en eftir þrjá mánuði þannig að uppsetning þeirra hefst ekki fyrr en seinnipartinn í ágúst.“

Finnbogi segir að komið hafi verið að ákveðnum tímamótum í rúmlega 75 ára sögu Ísafjarðarbíós. Hingað til hafi félagið séð um að endurnýja búnað og tæki eftir því þau hafi gengið úr sér eða ný tækni gert kröfur um endurnýjun. Nú hefði verið svo komið að Verk-Vest gæti illa réttlætt fyrir félagsmönnum sínum að félagið stæði í þessum fjárútlátum án nokkurs stuðnings frá opinberum aðilum. Stóð félagið því frammi fyrir mjög erfiðri ákvörðun, annað hvort að leggja í kostnaðarsama fjárfestingu eða segja að það sé ekki í verkahring stéttarfélags að reka bíóhús og þar með myndu bíósýningar leggjast af í bænum.

Finnbogi bendir á að húsið tengist sögu verkalýðshreyfingarinnar sterkum böndum. „Bíóið var byggt á fjórða áratug síðustu aldar í mikilli kreppu en ráðist var í það sem atvinnubótavinnu. Síðar var greitt af hverjum einasta seldum miða í elliheimilissjóð sem kom sér til dæmis vel þegar Hlíf var byggð. Saga bíósins er því samtvinnuð uppbyggingu í bænum.“



# Svipmyndir frá kröfugöngu og baráttufundi verkalýðsfélaganna á Ísafirði 1. maí



Kröfugangan lagði upp frá Verkalýðshúsinu undir lúðrablaestri og fánum, niður Hafnarstræti og Aðalstræti að Edinborgarhúsinu.



Lúðrasveit Tónlistarskólans mætir í nýju jökkunum frá Verk-Vest.



Pétur Sigurðsson fyrrverandi formaður Verk-Vest þrífur rauða fánann á loft.



„Rís þú unga Íslands merki“ Ólafur formaður Baldurs fánaberi.



Þrír sterkir á stóra borðanum: Eiríkur, Kári og Guðbjartur.



Nemendur úr Menntaskólanum á Ísafirði léku og sungu lög úr söngleiknum Grease. Hér eru stúlkurnar...



Björn Snæbjörnsson formaður Starfsgreinasambands Íslands var aðalræðumaður baráttufundarins. Mynd Halldór Sveinbjörnsson.




... og hér eru piltarnir.

Herdís Hubner les fundarmönnunum pistilinn.



„Verkalýðurinn verður að sameinast til að ná árangri,“ Elfar Logi með einleik úr upphafssögu verkalýðsbaráttunnar á Vestfjörðum.



Þrír snillingar: Magnús Reynir, Villi Valli og Baldur Geirmunds.



Á bak við ræðupúltið: Kynnir fundarins Finnur Magnússon verslunarmaður.




Edinborgarhúsið á 1. maí: Baráttufundur launþega.

Ljósmyndir: Guðmundur Heiðar Gunnarsson.

# NÝ BÓK UM SÖGU VESTFJARÐA

eftir Sigurð Pétursson sagnfræðing



- Nýtt samfélag í mótun.
- Fyrstu verkalýðsfélögin.
- Átök og uppbygging.

**Stórbrotin  
baráttusaga!**

**Útgefandi: Alpýðusamband Vestfjarða**

**Pantanir:**

**ASV (postur@verkvest.is) – s. 456-5190**

**Skrudda (www.skrudda.is – skrudda@skrudda.is) – s. 552-8866**

**Fæst einnig í öllum helstu bókaverslunum**



# „Við verðum að horfa fram á veginn og lemja okkur út úr vandanum,“ segir Sævar Gestsson formaður Sjómannafélags Ísfirðinga




Sævar Gestsson ræðir málin við Konráð Alfreðsson formann sjómannafélags Eyjafjarðar á fundi Sjómannasambandsins.

Sævar Gestsson er Ísfirðingur í húð og hár. Fæddur, upp alinn og búsettur í bænum alla tíð, utan sjö ár sem hann bjó ásamt fjölskyldu sinni á Akureyri. Sævar hefur stundað sjómennsku mestalla tíð, frá fermingaraldri og fram á þennan dag. Hann er nú formaður Sjómannafélags Ísfirðinga, sem sameinaðist Verkalýðsfélagi Vestfirðinga í ársbyrjun 2005. Sævar hefur gengt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Sjómannafélagið frá árinu 1976, þegar hann fyrst var kosinn í Sjómannadagsráð.

„Ég byrjaði fyrst á sjónum á heilum hlut með Jónasi Björnsyni á Gunnhildi ÍS 246. Við vorum á síld sumarið 1962 og svo á línu frá október og fram í febrúar. Þá um vorið fór ég á Hrönnina, sem Óskar Jóhannesson var með, en sumarið 1963 fór ég á síld með Ásgeiri Guðbjartssyni á Guðbjörginni.

Svo var ég á Guggunni næstu ár, var með að sækja nýju Guðbjörgina árið 1967 og áfram á henni til haustsins 1968, þegar ég flutti til Akureyrar.“

„Guðbjörgin gamla var eikarbátur, smíðuð í Svíþjóð 1963. Ásgeir Guðbjartsson var með hana. Við vorum yfirleitt á línu frá hausti og fram yfir áramót, þá




Gestur Loftsson faðir Sævars bjó lengi í Turninum við Aðalstræti. Hann stundaði sjómennsku og verkamannavinnu og reri á eigin trillu á sumrin. Hér er hann við stjörnvöllinn á bát sínum Sænni. Sævar byrjaði á sjónum ungur að árum, enda sjómennskan í blóðinu.

var farið á net í febrúar og fram í maí. Netaveiðin var mest suður í Breiðafirði, en alltaf var landað hér heima. Eftir sjómannadag var svo farið á síld yfir sumarið.“

Sævar byrjaði sjómennsku sína fyrr. Hann er fæddur á Ísafirði árið 1947 og strax um fermingaraldur var hann byrjaður á sjó. „Ég fór fyrst á sjó með Óskari Þórarinssyni á Valdísí ÍS í færatúr, kannski 11-12 ára gamall. Og líka með Agnari Guðmundssyni á litla Ver ÍS. Við fengum að fara með strákarnir einn og einn túr á handfæri. Fyrsta ráðningin var fermingarvorið. Þá vorum við æskuvinirnir, ég og Bergmann Ólafsson, sem nú rekur Bílatanga, ráðnir upp á hálfan hlut við beitningu á Hrönnina. Það var haldið á í nokkrar vikur eftir lokadag í maí, því það var svo gott fiskiri.“

Sævar tók þátt í síldarævintýrinu á sjöunda áratugnum. Þá fór vestfirski línuflotinn á síld fyrir Norðurlandi á sumrin. „Ég fór fyrst á síld sumarið 1962 með



Sævar Gestsson byrjaði ungur til sjós á Ísafjarðarbátunum. Hér stendur ungur maður við balann.

Jónasi Björnssyni á Gunnhildi ÍS. Ég man að fyrsta kastið tókum við strax út af Horni og lönduðum henni hér heima til frýstingar í beitu. Annars var síldveiðin við Norðurland og landað á Siglufirði og austur á Raufarhöfn eða Vopnafirði, eftir því sem síldin færði sig austar. Næstu sumur var ég á síld, alveg þar til hún hvarf árið 1968. Síðustu árin var hún komin langt

út í haf og alveg að Spitsbergen. Þá komu síldarflutningaskip og tóku síldina og fluttu í land. Einu sinni vorum við á Guðbjörginni með fullfermi og síld í nóttinni þegar flutningaskipið kom til okkar að sækja. Þá var dælt beint um borð og svo yfir í flutningaskipið. Svo þegar fréttist hvað hafði verið dælt úr Guggunni, þá var það meira en hún gat borið, svo sumir karlarnir

vildu ekki trúa tölunum.

Síldarvertíðin lengdist líka fram eftir haustinu. Þá var mikil veiði á Rauða torginu suðaustur af Norðfjarðarhorni. Síldin kom upp í myrkrinu og þá gaf hún sig. En svo var veiðin búin 1968, það voru endalokin.“

Sævar flutti til Akureyrar og bjó þar í sjó ár. Sævari líkaði vel á Akureyri og ber Norðlendingum vel söguna. En heimahagarnir

toguðu hann til sín á ný. Þá var komin skuttogarátími með miklum uppgangi á Vestfjörðum. Sævar flutti aftur vestur ásamt Rögnu Arnaldsdóttur eiginkonu sinni árið 1976. Sama ár fæddist þeim eldri sonurinn Arnaldur, en sá yngri Gestur Már er fæddur árið 1981.

„Þegar ég flutti aftur hingað vestur, fór ég að beita hjá Norðurtanganum. Þeir gerðu út Orra ÍS 20 á línu og þar var ég lengst af landmaður. Á sumrin skrapp ég svo á snurvoð og úthafsraekju á Orranum, og nokkra túra á skuttogara í afleysingum. Eftir að ég kom í land, gaf ég mig meira að félagsmálunum. Ég var fyrst í Sjómannadagsráði 1976. Þá stjórnaði Kristján Jónsson málunum. Félögin skipuðu menn í ráðið, Sjómannafélagið, Vélstjórufélagið, Skipstjóra- og stýrimannafélagið og Huginn, félag smábátaeigenda. Þá höfðu menn tíma til að undirbúa sjómannadaginn, eftir lokadag og fram að síldarvertíð. Svo datt þetta niður með breyttum tímum eftir 1990.“

„Ég þekkti þá sem voru í forystu Sjómannafélagsins, Guðmund Gíslason og Bjarna bróður minn, Reyni Torfa og fleiri. Ég kom svo inn í stjórnina þegar Sigurður R. Ólafsson varð formaður 1981. Var fyrst meðstjórnandi, gjaldkeri og varaformaður og tók svo við formennskunni.“

Sævar var meðstjórnandi Sjómannafélags Ísfríðinga 1981-1983, kom aftur inn í stjórn 1989, fyrst í varastjórn, þá í aðalstjórn og var einnig kosinn fulltrúi á þing ASÍ og Sjómannasambandsins. Hann hefur verið formaður Sjómannafélagsins frá árinu 2000 og setið í framkvæmdastjórn Sjómannasambands Íslands frá sama tíma. Árið 2005 sameinadist Sjómannafélagið Verkalýðsfélagi Vestfirðinga og starfar áfram sem deild innan þess. Sævar hefur því komið að samningamállum sjómanna síðustu árin.

„Sjómenn eru í heildina sáttir við hlutaskiptakerfið, en þeir eru sárir yfir því að missa sjómannaafsláttinn. Þegar krónan hrundi





Sævar í góðum félagsskap í Hamborg vorið 1967, þegar nýja Guggan var sótt. Hún var stálskip, smíðuð í Austur-Þýskalandi og kom til heimahafnar 6. maí 1967. Með Sævari á myndinni er Bjarni Gunnarsson háseti og á bak við olíustútinn grillir í Kristbjörn Arnbjörnsson vélstjóra. Myndina tók Pétur Sigurðsson.

og með hækkandi fiskverði, hafa komið fleiri krónur í hlut sjómanna. Það sem skekkir málin eru launin sem fólkið í landi, fiskverkafólkið, er að fá. Það

hefur ekki fengið neina hækkun í samræmi við hækkandi fiskverð. Ég hef áhyggjur af því að þekkingin í fiskiðnaðinum geti horfið, ef fólkið verður ekki

betur launað. Fiskverkafólk hefur orðið útundan. Það þarf að hækka launin þar um helming.“

„Við Vestfirðingar urðum fyrir miklum skakkaföllum þegar þorskveiðin var skorin niður. Við vorum fremstir í þorskveiðunum. Að fara niður í 130 þúsund tonna veiði í þorski, það var áfall, sem við höfum ekki náð okkur eftir. Við fáum ekki að veiða botnfiskinn, en horfum á uppsjárveiðarnar gera það gott og fyrirtækin blómstra sem eru í því.“

En það hættulegasta fyrir okk-

ur var þegar það var leyft að selja burtu veiðiheimildirnar. Það fór illa með okkur. Við misstum frá okkur um eitt þúsund störf, sem eru horfin. Fólk þarf að hafa vinnu, þá lagast hlutirnir. Þannig er það.

En við gefumst ekki upp. Við verðum að horfa fram á veginn og lemja okkur út úr vandanum,“ segir Sævar Gestsson formaður Sjómannafélags Ísfirðinga að lokum. Við skulum vona að það verði raunin, bæði fyrir okkur Vestfirðinga og landsmenn alla.



Á Sjómannadaginn 1967. Sævar hampar bikarnum úr fótboltalek sjómanna og landmanna á vellinum á Torfnesi. Sjómenn unnu leikinn 4-2 og var það ekki síst að þakka markmanninum, sem þarna stendur fyrir framan nýja bílinn með billykilinn í kjaftinum: Volkswagen 1600, árgærd 1967, beint úr kassanum. Kostaði 153 þúsund krónur. Hásetahluturinn á gömlu Guggunni á vetrarvertíðinni var 107 þúsund krónur, enda gott fiskirí. Afliinn var um 1100 tonn.



Guðbjörg ÍS 14, kom frá Svíþjóð árið 1963. Skipstjóri Ásgeir Guðbjartsson. Sævar var með honum frá sumrinu 1963 á síld og línu og netum, þar til nýja Guggan var sótt til Þýskalandis 1967. Myndina tók Bjarni L. Gestsson af Sævari út á dekki, einn góðan veðurdag.

# Sumarferðir

## Ferð á Hesteyri 16. júní



Dagsferð fyrir félagsmenn Verk Vest og fjölskyldur þeirra til Hesteyrar laugardaginn 16. júní.

Lagt verður af stað frá Ísafirði kl. 10:00 með Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar til Hesteyrar og dvalið þar yfir daginn.

Leiðsögn um svæðið og snæddur saman málsverður áður en haldið verður heim aftur.

Áætluð heimkoma milli klukkan 17:00 og 18:00.  
Verð: 7.000- kr. á mann, 3.500- kr. fyrir 6-12 ára.

ATH: Takmarkaður fjöldi!  
Skráning hjá Verk Vest í síma 456 5190  
fyrir 11. júní.

## Helgarferð til Vestmannaeyja 16. – 19. ágúst



Helgarferð félagsmanna Verk Vest verður að þessu sinni farin til Vestmannaeyja.

Ferðatilhögun:

Lagt verður af stað frá Ísafirði fimmtudagsmorgni. Gist fyrstu nóttina að Skógum undir Eyjafjöllum. Á föstudagsmorgun verður svo farið með Herjólf frá Bakkafjöru til Eyja. Gist verður þar í tvær nætur. Ekið heim á sunnudag.

Í Heimaey er stórfenglegt landslag og afar fræðandi að sjá myndun og mótun landsins. Eyjarnar eru fjölmargar og sjávarbjörg með miklu fuglalífi. Þar er stærsta sjósvölubyggð í Evrópu.

Nánari dagskrá og skoðunarferðir verða kynntar á heimasíðu Verk Vest þegar nær dregur.

Verð kr. 48.000.- á mann. Innifalið er: Rútuferðir, miðar í Herjólf, leiðsögn og gisting þrjár nætur m/morgunverði og tveir kvöldverðir.

- Takmarkaður fjöldi fólks kemst í þessa ferð.

Skráning hjá Verk Vest í síma 456 5190.

# Fjölskyldudagur í Raggagarði

Verk-Vest stendur fyrir fjölskyldudegi fyrir félagsmenn sína og fjölskyldur þeirra. Að þessu sinni verður dagurinn haldinn í Raggagarði laugardaginn 30. júní kl. 15-17.

Raggagarður er vettvangur fyrir ánægjulegar samverustundir með börnum okkar og barnabörnum þar sem öll fjölskyldan getur glaðst saman. Grillaðar verða pylsur, leikið og sungið saman.





## Edduhótel

[www.icelandairhotel.is](http://www.icelandairhotel.is)

Verkalýðsfélags Vestfirðinga býður félagsmönnum sínum að kaupa greiðslumiða fyrir gistingu á Eddu hótelnunum sumarið 2012.

Miðinn kostar 8.450- og gildir hver miði fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi m/handlaug í eina nótt.

Hótel Edda er á eftirfarandi stöðum á landinu:  
Laugum í Sælingsdal - Ísafirði - Laugarbakka  
- Akureyri - Stóru Tjörnum - Egilsstöðum  
- Neskaupstað - Nesjum - Vík - Skógum - Laugarvatni




## Fosshótel

[www.fosshotel.is](http://www.fosshotel.is)

Skrifstofa Verk-Vest er með til sölu gistimiða Fosshotelanna fyrir félagsmenn sína. Gisting fyrir tvo í 2ja manna herbergi m/sér baði og morgunverði kr. 8.000- (Ath. viðbótargjald í júlí og ágúst)

Fosshotelin sem starfrækt verða í sumar eru alls 9 talsins:

Fosshotel Lind Reykjavík	Fosshotel Laugar
Fosshotel Baron Reykjavík	Fosshotel Vatnajökull
Fosshotel Reykholt Borgarfirði	Fosshotel Skaftafelli
Fosshotel Húsavík	Fosshotel Mosfell Hellu
Fosshotel Dalvík	



## Útilegukortið 2012

Eins og undanfarin ár mun Verk Vest hafa Útilegukortið til sölu fyrir félagsmenn sína. Kortið er niðurgreitt fyrir félagsmenn og kostar kr. 9.900,- Útilegukortið gildir á yfir 40 tjaldsvæðum á landinu:

VESTURLAND: Akranes, Varmaland, Grundarfjörður, Ólafsvík, Hellisandur, Laugar.

VESTFIRÐIR: Grettislaug Reykhólum, Flókalundur, Tálknafjörður, Þingeyri, Flateyri, Tungudalur við Ísafjörð, Bolungarvík, Dalbær á Snæfjallaströnd.

NORÐURLAND: Hvammstangi, Steinsstaðir, Skagaströnd, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Hrafnagil, Systragil, Heiðarbær, Lundur í Öxarfirði, Fjalladyrð, Þórshöfn.

AUSTURLAND: Vopnafjörður, Seyðisfjörður, Berunes, Litlahorn, Lambhús.

SUÐURLAND: Kleifar-Mörk, Vík í Mýrdal, Langbrók, Hvolsvöllur, Galtalækjarskógur, Álfaskeið, Geysir, Þrastalundur, Stokkseyri, Þorlákshöfn, T-bær, Grindavík, Sandgerði, Mosfellsbær.

Nánari upplýsingar eru á [www.utilegukortid.is](http://www.utilegukortid.is)



## Veiðikortið



Skrifstofa Verk Vest er með Veiðikortið til sölu fyrir félagsmenn. Veiðikortið 2012 veitir nær ótakmarkaðan aðgang að rúmlega 37 vatnasvæðum vítt og breitt um landið. Félagsmenn Verk Vest fá kortið á kr. 4.800-.

Nánari upplýsingar um veiðikortið á: [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)

# Hásetafélag Ísafjarðar: Fyrstu skefin 1916-1918

- Kaffi úr bókinni *Vindur í seglum. Saga verkalyðshreyfingar á Vestfjörðum 1. bindi, 1890-1930* eftir Sigurð Pétursson sagnfræðing



Ísfriski bátaflotinn frostaveturinn mikla 1918. Allar myndirnar eru frá Ljósmyndasafninu Ísafirði.

Ár 1916 5. feb. var fundur settur á Ísafirði; voru mættir nokkrir hásetar, sem vildu stofna hásetafélag. Fundarstjóri var kosinn Eiríkur Einarsson, skrifari Jón B. Eliasson. Daginn áður var haldinn undirbúningsfundur, og kosin 5 manna nefnd til að semja uppkast til laga fyrir þetta fyrirhugaða fjelag og voru samþykktar 30 lagagreinar, og skrifað undir þær. Þar með var stofnað „Hásetafélag Ísfröðinga“ með 75 mönnum.

Þannig hljómar fyrsta færslan í fundargerðabók Hásetafélags Ísfröðinga, sem síðar varð Sjómannafélag Ísfröðinga. Stofnfundurinn kaus fimm manna stjórn, formann Eirík Einarsson, varaformann Sigurgeir Sigurðsson, ritara Jón B. Eliasson, gjaldkera Jónas Sveinsson og varagjaldkera Pál Hannesson. Þá var kosin

fimm manna nefnd undir forystu formannsins til að semja uppkast að aukalögum fyrir félagið. Aukalög voru kölluð á þessum tíma kauptaxtar verkalyðsfélaganna. Félagin samþykktu á fundum þau laun sem félagsmenn skyldu starfa eftir og reyndu svo að fá atvinnurekendur til að hlíta þeim. Beinir samningar milli atvinnurekenda og félaganna tíðkuðust ekki fyrr en síðar og oftast en ekki gekk erfíðlega að fá atvinnurekendur til að gera nokkurt samkomulag um kaupgjaldið.

Mikillkraftur var í Hásetafélaginu fyrsta árið. Haldnir voru 9 fundir á árinu 1916, þar af fimm fyrsta mánuðinn, enda samningar í gangi við útgerðina. Mikil samstaða myndaðist um félagið í byrjun og á aðalfundi þess í janúar 1917 kom fram að 95 höfðu greitt árgjaldið og

29 að auki inntökugjald, alls 124 félagsmenn. Árgjaldið var fimm krónur. Á fundinum var samþykkt að kaupa hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands fyrir 200 krónur.

## Fyrstu samningarnir

Það sem varð til þess að hásetar ýttu félagi sínu úr vör, var trúlega það að útgerðarmenn á Ísafirði stofnuðu skömmu áður Útvegsmanafélag. Helsta markmið þess virðist hafa verið að samræma kjör bátasjómannna á línuveiðum. Félagið samdi reglur um ráðningarkjör, þar sem smurólía, salt, beita og steinólía var allt tekið af óskiptu og hásetar áttu að greiða kaup matsveins auk fæðis að fullu.


Hásetar brugðust við þessu og stofnuðu sitt félag til að styrkja sína aðstöðu. Tveim dögum eftir stofnfundinn komu þeir saman á ný og samþykktu tillögu um aukalög, eða ráðningarkjör. Í fundargerð er ekki getir hverjar kröfur háseta voru. Viðbrögð útgerðarmanna bárust fljótt, því þriðji fundur hásetafélagsins var haldinn 10. febrúar. Á fundinum mættu tveir fulltrúar útgerðarmanna til að skýra kröfur þeirra og höfðu þeir umboð til að semja við nefnd félagsins um þau atriði sem báru á milli. Gengu þeir svo af fundi, en félagsmenn samþykktu að kjósa fimm menn til samninga við félag útgerðarmanna. Fékk nefndin

fullt umboð til samninga, með þeirri undantekningu, að ekkert mætti gefa eftir af ákvæðum um lóðafiskirí nema það að smurólían væri tekin af óskiptu. Aftur var komið saman til fundar tveim dögum síðar og þá hafði samist um allt, nema að útgerðarmenn neituðu að greiða helming af kolum til upphitunar á bátunum á lóðafiskirí. Við atkvæðagreiðslu samþykktu 59 fundarmenn að gefa eftir kolakostnaðinn en 4 voru á móti. Jafnframt var samþykkt að samkomulag yrði aðeins gert, að enginn félagsmaður sem nú væri ráðinn háseti yrði rekinn úr skiprúmi, án gildrar ástæðu.

Blöðin *Vestri* og *Njörður* sem gefin voru út á Ísafirði þetta ár sögðu frá deilu háseta og útgerðarmanna. *Vestri* sagði að hásetafélagið hafi risið öndvert gegn breytingum á aflaskiptum sem útgerðarmannafélagið hafi ætlað að gera til hagsbóta fyrir sína meðlimi. Misklíð háseta og útgerðarmanna hafi stefnt í vandræði, en félög þeirra jafnað ágreininginn og komist að samkomulagi. *Njörður* fagnar því líka að ágreiningurinn var jafnaður. Blöðin segja niðurstöðuna þá að smurólían eða „vélaáburðarólían“ yrði tekin af óskiptu og að hásetar skyldu fá 3% premíu af þeim afla sem væri umfram 1500 krónur í hlut. Hásetar samþykktu að borga kol til upphitunar, einsog



Eiríkur Einarsson formaður Hásetafélagsins



Jón B. Eliasson ritari Hásetafélagsins, fékk lófaklapp fyrir að lögskrá eftir samningum félagsins.





Jónas Sveinsson gjaldkeri.



Sigurgeir Sigurðsson varaformaður.

fram kom í fundargerðinni og útgerðin samþykkti að greiða hálf kaup matsveins. Vestri sagði að premían kæmi í stað „stúfsins“ svonefnda, aukalóðar sem hásetar áttu einir og skiptu aflanum af á milli sín. Stúfurinn var gömul venja frá því á tímabili árabátanna, en útgerðarmenn höfðu tekin hann af á vélbátunum.

Fundur Hásetafélagsins 16. febrúar samþykkti að breyta aukalögum félagsins í samræmi við samkomulagið við útgerðarmannafélagið. Ekki voru undirritaðir formlegir samningar, heldur samþykkti hvort félag reglur um ráðningarkjörin og var þar með komið á samkomulag sem gilda átti til 1. febrúar 1917.

Þetta samkomulag Hásetafélagsins og Útgerðarmannafélags Ísfirðinga var fyrsta samkomulag sem verkalýðsfélag náði við atvinnurekendur á Vestfjörðum. Í raun var Hásetafélagið viðurkennt sem samningsaðili fyrir hönd háseta þó ekki væri um skriflegt samkomulag að ræða. Þessi viðurkenning á samningsrétti félagsins var aldrei formleg og stóð ekki lengi. Afstaða útgerðarmanna fór harðnandi næstu misserin.

Í Reykjavík gerðist það að togarahásetar gerðu verkfall í maí 1916, sem stóð í tvær vikur og vakti mikla athygli. Helsta deiluefnið var þorsklifrin. Sú hefð hafði skapast á togurum að áhöfnin skipti verðmæti lifrarinnar á milli sín, en útgerðin hafði forkaupsrétt á henni. Lifrin hækkaði mjög í verði á árum heimsstyrjaldarinnar, einsog annað feitmeti. Hásetar vildu fá staðfestan rétt til lifrarinnar en

að útgerðin héldi forkaupsrétti á hæsta verði. Félag íslenskra botnvöpuskipaeigenda brást nú við af mikilli hörku, varði rétt útgerðarinnar til eignar á lifrinni einsog öðrum afla og neitaði öllum tilboðum háseta. Hásetar gengu í land og komu í veg fyrir að togararnir kæmst á sjó. Sáttumleitani þáru engan árangur og harðnaði deilan dag frá degi. Nítján togarar lágu bundnir við bryggju og tveir að auki í Hafnarfirði og sögusagnir gengu um að ekkert yrði gert út um sumarið. Þegar útgerðarmenn tóku að manna skipin með utanfélagsmönnum og utanbæjarmönnum létu hásetar undan og tóku tilboði um fast lifrarverð, sem var nærri helmingi hærra en það sem gilt hafði um veturinn. Þannig fengu báðir aðilar nokkuð í sinn hlut, þó talið væri að hásetar hafi orðið að gefa meira eftir. Hásetafélag Reykjavíkur náði skriflegum samningum við botnvöpuskipaeigendur strax árið eftir og fengu samningsrétt sinn því viðurkenndan.

### Undanhald á erfiðum tímum

Annað viðmót blasti við hásetum á Ísafirði þegar kom að endurnýjun samninga eftir áramótin 1917. Útgerðarmenn breyttu ráðningarkjörum með einhliða ákvörðun og hásetar treystu sér ekki til að gripa til aðgerða. Árið 1917 var atvinnuástand ekki jafngott og í uppsveiflunni 1914-1916, útgerðin komin í erfiðleika og samningsstaða háseta hafði versnað.

Á aðalfundi í janúar 1917 komu ráðningarkjörin til umræðu. Guðmundur Jónsson frá Tungu í Skutulsfirði, síðar þekktur togaraskiptjóri, var virkur í Hásetafélaginu fyrstu árin. Hann gerði fyrirspurn um það hvort einhverjir skipstjórar væru að ráða háseta gegn félagslögnum. Nefnd var strax gerð út af örkinni og kom hún til baka í lok fundarins án þess að hafa fengið skýr svör. Samþykkt var skrifleg áskorun til Halldórs Sigurðssonar á vélbátinum Gylfa, sem grunur lék á að ætlaði að sniðganga lög félagsins, um að skrá háseta sína eftir sömu kjörum og gilt hefðu, að viðlögðum sektum. Ekki kemur fram hve margir útgerðarmenn hafi ætlað að sniðganga aukalög Hásetafélagsins. Hinsvegar mætti Jón Björn Eliasson, fyrrum ritari félagsins, á fundinn og sagðist hafa lögskráð sína háseta samkvæmt lögum félagsins. Fékk hann lófaklapp að launum. Í apríl 1917 kom fram að erfiðlega gekk að fá greidda „premiuna“ sem samið hafði verið um. Nefnd var kosin í málið, en lítið fréttist af henni. Hélt svo fram á haust.

Meðlimir Hásetafélagsins voru ekki allir hásetar, þó nafnið segði það, heldur voru þar líka yfirmenn og vélstjórar. Á tímabili voru skipstjórar áberandi í forystu félagsins. Þannig var haustið 1917, að þrjú skipstjórar gengu í félagið og voru tveir þeirra strax kosnir í viðræðunefnd við útgerðarmenn vegna breytinga á skiptakjörum. Tilkynning hafði borist frá útgerðarmönnum þar sem gert var ráð fyrir að skipt væri í 20 staði, í stað 18, þar sem hásetar voru 8 auk skipstjóra og matsveins. Hásetar fengu einn hlut en formaður eða skipstjóri hafði tvo hluti. Helmingaskipti voru milli áhafnar og útgerðar og aukahlutur skipstjóra var tekin af hlut útgerðar. Gert var ráð fyrir að útgerðin greiddi aukabókun vélamanns, en skipverjar fæði, kol og útgjöld við matsvein. Áður en afla var skipt, skyldi draga frá útgerðarkostnað: olíu, beitu, salt og ís. Var hér um nokkra breytingu frá

fyrri skiptum að ræða, og töldu hásetar að þeir gætu ekki gengið að þessu. Nefnd félagsins skilaði fljótt af sér og sagði ekkert samkomulag fánlegt, á öðrum grundvelli en þeim sem útgerðarmenn hefðu ákveðið „og báru við yfirstandandi og vaxandi dýrtíð.“

Eiríkur Einarsson skipstjóri og fyrsti formaður félagsins, lagði til að félagið héldi sig við sömu skipti og áður og að útgerðin borgaði allt eldsneyti og útgjöld við matsvein. Ritara var falið að tilkynna þetta útgerðarmönnum um viðræður og urðu nú miklar umræður um það hve mikið hásetar gætu slakað til. Einn vildi bara gefa eftir kolin, annar að skipt yrði í 19 staði og að 19. hluturinn yrði laun matsveins. Aftur var tillaga Eiríks Einarssonar samþykkt, nú um að skipa fimm manna viðræðunefnd, sem legði tillögur fyrir félagsfund. Á næsta fundi var lögð fram tillaga að samkomulagi um að skipt yrði í einn hlut umfram helmingaskipti, það er 19 hluti, miðað við 8 háseta í áhöfn og að 3% premía komi á hlutarupphæð háseta, ef árshlutar nær 2000 krónum yfir árið eða meir. Tillaga um samkomulagið var felld með 20 atkvæðum, en 10 voru meðmæltir. Samþykkt var tillaga Guðmundar Jónssonar um að halda sig við gömlu skiptin sem voru á stóru bátunum og ákveðið að halda fast í þá ákvörðun og hefja verkfall upp á það. Ekki gátu hásetar staðið við það, því þrem dögum síðar var enn fundað og lesið upp bréf útgerðarmanna um að þeir réðu enga háseta á skip sín upp á þau kjör sem verið hefðu. Tillaga að samkomulagi sem felld var á fyrri fundinum var nú samþykkt með 42 atkvæðum gegn 12.

#### Heimildir :

Fundargerðabók Hásetafélags Ísfirðinga / Sjómannafélags Ísfirðinga 1916-1933. „Útgerðarmenn og hásetar.“ Njörður 17. febrúar 1916. „Hásetar og útgerðarmenn.“ Vestri 15. febrúar 1916. Jóhann Bárðarson. Áraskip. Önnur útgáfa. Reykjavík 1964, 61-63. Pjetur G. Guðmundsson. Tíu ára starfssaga Sjómannafélags Reykjavíkur. Reykjavík 1925.

# Fiskvinnslunámskeið á fimm stöðum í vetur



Frá fiskvinnslunámskeiði á Flateyri.

Fiskvinnslunámskeiðin, samningsbundið nám fyrir starfsfólk í fiskiðnaði, eru komin á fulla ferð á ný. Verkalýðsfélag Vestfirðinga og Fræðslumiðstöð Vestfjarða hafa unnið saman að fimm námskeiðum á Vestfjörðum í vetur. Fyrsta námskeiðið var haldið á Flateyri í desember, næst í röðinni var Þingeyri, þá Hólmavík og Ísafjörður og loks Bolungarvík í samstarfi við Verkalýðs- og sjómanna-félag Bolungarvíkur.

Fiskvinnslunámskeiðin eru hluti af kjarasamningsbundnu námi fiskvinnslufólks, en sú breyting hefur orðið á náminu að það hefur verið fært undir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

## Flateyri

Fiskvinnslunámskeiðinu á Flateyri lauk með útskrift 20 sérhæfðra fiskvinnslumanna 9. desember 2011. Þetta var fyrsta

fiskvinnslunámskeiðið þar sem hluti þátttakenda var atvinnulaust fiskvinnslufólk og má því segja að brotið hafi verið blað í sögu þessara námskeiða. Smári Haraldsson forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða sagði við útskriftina að með þessu væru Vestfirðingar enn og aftur í forystu þegar kæmi að útfærslu náms tengdu atvinnulífinu.

## Þingeyri

Fiskvinnslunámskeið fyrir starfsfólk Vísis á Þingeyri fór fram í janúar á þessu ári. Þátttakendur voru af fjórum þjóð-ernum, Íslendingar, Pólverjar,



Frá Hólmavík.

Thailendingar og einn frá Lettlandi. Á námskeiðinu sköpuðust mjög líflugar umræður, sérstaklega um kjara og réttindamál.

## Hólmavík

Á Hólmavík var fiskvinnslunámskeið haldið í febrúar fyrir starfsfólk í rækjuvinnslu Hólma-drangs. Námskeiðið sóttu 18



Frá Þingeyri.

starfsmenn fyrirtækisins. Á Hólmavík, eins og á öðrum námskeiðum, voru teknir fyrir fjölmargir þættir sem snúa að fiskvinnslunni, svo sem hreinlæti, gerlagróður, gæðakerfi og fleira. Einnig eru tekin fyrir atriði sem snúa að vinnustaðnum, svo sem vinnuástaða, samskipti á vinnustað, öryggi og kjaramál. Umsjón með námskeiðinu hafði Kristín S. Einarsdóttir, verkefnastjóri hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Verkalýðsfélagi Vestfirðinga.

## Ísafjörður og Bolungarvík

Í marsmánuði voru haldin námskeið bæði á Ísafirði og í Bolungarvík. Á Ísafirði tók þátt starfsfólk rækjuvinnslunnar Kampa og í Bolungarvík starfsfólk fiskvinnslu Jakobs Valgeirs ehf. Aðalkennari á námskeiðinu í Bolungarvík var Nanna Bára

Mariasdóttir settur skólustjóri Fisktækniskóla Íslands. Túlkur á pólsku á námskeiðinu var Barbara Gunnlaugsson og þess má geta að Barbara var einnig túlkur á námskeiðunum á Flateyri og Þingeyri.

Fiskvinnslunámskeiðin eru kennd í vinnutíma fólks. Fólkið heldur dagvinnulaunum og vinnuveitendur greiða þátttökugjöld einstaklinganna, en Fræðslusjóður veitir umtalsverða styrki til námskeiðanna. Námskeiðin eru fyrir fólk í fiskvinnslu og gefa nokkra launahækkun, enda auka þau kunnáttu og færni einstaklinganna.




Útskrift á Flateyri.



# Af hverju starfsendurhæfing?

Hugtakið starfsendurhæfing er frekar nýtt á Íslandi, áður fyrr var veikur starfsmaður heima þangað til hann var orðinn fullfrískur og sneri þá aftur í sína vinnu. Hin nýja hugsun starfsendurhæfingar að vinnustaðurinn geti aðstoðað starfsfólk við að byggja upp starfsorku eftir veikindi, er því frekar ný af nálinni og mun væntanlega festa sig betur í sessi næstu árin. Það að hafa reglulegt samband við vinnustaðinn í veikindafjarveru, byrja að mæta aftur í 1-2 tíma á dag á vinnustaðinn um leið og mögulegt er, hefur jákvæð áhrif á bata, skilar viðkomandi fyrr til vinnu eftir veikindi og styrkir stöðu starfsmannsins inn á vinnustaðnum. Ef starfsmaður á ekki afturkvæmt í sitt fyrra starf vegna veikinda, þá er alltaf skoðað hvort möguleiki sé á tilfærslu innan fyrirtækisins inn á nýtt starfssvið og er þá unnið með þær hindranir sem upp koma, ávallt með endurkomu á vinnumarkað sem loka takmark.

Ráðgjafi VIRK vinnur með starfsmanni að upplýsingaröflun á styrkleikum og hindrunum hans og eru þær upplýsingar notaðar til að setja upp heildstæða endurhæfingaráætlun í samstarfi við lækni viðkomandi og endurhæfingaraðila í heimabyggð. Á Vestfjörðum hefur gengið vel að byggja upp þjónustuna, í dag eru um 40 einstaklingar í þjónustu hjá ráðgjafa VIRK, 24 hafa lokið þjónustu og tveir hætt þjónustu. Af þeim 23 sem útskrifuðust fóru 18 til starfa þar af einn í hlutastarf á móti örorku, einn í atvinnuleit, einn



Fanney Pálsdóttir.

för í háskólanám og þrír á örorkubætur. Aðsókn í þjónustuna hefur farið stigvaxandi og samstarf við atvinnurekendur og úrræðaaðila á svæðinu hefur verið mjög gott. Ráðgjafinn er staðsettur hjá Verk Vest á Ísafirði en fer í aðra byggðakjarna eftir þörfum.

Fanney Pálsdóttir.

## Greiðsluskylda til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs lögfest

Samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi í júní síðastliðnum (breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða) þá ber öllum launagreiðendum að greiða 0,13% af heildarlaunum allra starfsmanna sinna til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með 1. september 2011 (miða skal við iðgjaldastofn septembermánaðar 2011). Fram að þessum tíma hefur einungis verið kveðið á um greiðsluskyldu í kjarasamningum en nú nær hún til allra launamanna samkvæmt lögum þar með talið til sjálfstæðra atvinnurekenda og þeirra sem ekki eru félagsmenn stéttarféлага.

Launagreiðendum ber að standa skil á iðgjaldinu til viðkomandi lífeyrissjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald og munu lífeyrissjóðir síðan ráðstafa gjaldinu til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs.



*Sparrisjóður Strandamanna  
óskar viðskiptavinum sínum  
gledilegs sumars*



## Reglur um þrif og skil

Reglur um þrif og skil fyrir dvalargesti í íbúðum Orlofssjóðs Verkalýðsfélags Vestfirðinga

- Leigutími íbúðarinnar er frá kl.13:00 á komudegi og til kl.12:00 á brottfarardegi. Vinsamlegast látið vita í hvaða ástandi íbúðin var á komudegi. Athugasemdum skal komið á framfæri á skrifstofu félagsins í síma 4563190 eða á postur@verkvest.is
- Leigutaki skal skila íbúðinni, áhöldum og munum hreinum þegar leigutíma lýkur og íbúðinni er skilað.

### Minnisatriði:

1. Skúra öll gólf, þrifa sturtuklefa, handlaug og WC, þurrka af húsgögnum, gluggakistum og öðrum húsbúnaði.
2. Þrifa ísskáp og frysti, ekki slökkva á ísskáp.
3. Þrifa bakarofn, eldavél og örbylgjuofn.
4. Fjarlægja allt rusl. Setja þvott í poka.
5. Loka gluggum og læsa.
6. Reykingar og húsdýrahald er stranglega bannað.
7. Óþarfa hávaði og ónæði er bannað frá kl. 23.00 – 08:00.
8. Muna að skila lykllum til félagsins að dvöl lokinni.

### Höfum í huga

Í hreinni og vistlegri íbúð er gott að dvelja, stöndum því saman og gerum dvölinni í orlofsíbúðum félagsins sem ánægjulegasta með því að skilja við íbúðina eins og við viljum koma að henni.

*Sími á skrifstofu Verk Vest á ísafirði er 4563190, opið er alla virka daga frá kl. 08:00 – 16:00.*

## Verðskrá orlofshúsa og íbúða

Íbúðir í Reykjavík	vikuleiga	kr. 19.000
helgarleiga - íbúðir/bústaðir		kr. 14.000
mánud. - föstud: pr.dag		kr. 3.500
lágmark 3 dagar		kr. 10.500
Akureyri og Bjarnaborg	vikuleiga	kr. 18.000
Einarsstaðir		kr. 18.000
Svignaskarð hús 30 og 9		kr. 18.000
Ölfusborgir hús 12 og 32		kr. 18.000
Illugastaðir og Biskupstungur		kr. 18.000
Flókalundur		kr. 16.000
Bjarnaborg salur	á sólarhring	kr. 10.000
	helgarleiga	kr. 18.000



Flókalundur.

## SPRZĄTANIE I ZDANIE MIESZKANIA

Informacje dla osób korzystających z wynajmu mieszkań Verk Vest

- Wynajem rozpoczyna się od godz 13.00 pierwszego dnia wynajmu oraz kończy się o godz 12.00 w dniu opuszczenia mieszkania. Jeżeli zastaniesz mieszkanie w złym stanie prosimy o kontakt. Uwagi należy kierować do biura związków zawodowych pod numerem tel. 456 3190, lub mailem postur@verkvest.is
- Wynajmujący odpowiedzialny jest za zdanie mieszkania, oraz jego wyposażenia w czystym stanie. Przed opuszczeniem mieszkania należy:
  - Zmyć podłogę, umyć kabinę prysznicową, umywalkę i toaletę, zetrzeć kurze z mebli, parapetów i pozostałych sprzętów
  - Opróżnić i umyć lodówkę. Nie wyłączać lodówki z kontaktu.
  - Umyć piekarnik, Kuchenkę i mikrofalówkę.
  - Opróżnić i wyrzucić śmieci. Pościel i ręczniki włożyć do worka.
  - Pozamykać i zabezpieczyć okna.
  - Palenie tytoniu oraz trzymanie zwierząt w mieszkaniu jest surowo zabronione
  - W mieszkaniu obowiązuje cisza nocna od godz 23.00- 8.00
  - Po zakończeniu wynajmu zdaj klucze.

### Miejmy na uwadze

W czystym i zadbanym mieszkaniu mieszka się przyjemniej, bądźmy odpowiedzialni aby spędzony w nim czas upłynął mile, oraz aby zdać mieszkanie w takim stanie jakim chcielibyśmy je zastać.

*Biuro związków zawodowych jest czynne we wszystkie dni robocze w godz. 0.8:00- 16:00, numer telefonu 456 3190.*

Félagsmenn velkomnir  
Tryggið ykkur sérkjör

522 44 00 • www.hertz.is

Notið eftirfarandi afsláttakóða á www.hertz.is eða í síma.  
100 km og CDW: VERKV1  
Ótakm. KM og CDW: VERKV2

Vildarklúbbur  
- Munið 500 punktar með hverri leigu!



## Miðar í Hvalfjarðargöng

Félagsmaður í VerkVest fær miðann á kr. 550,-  
aðrir á kr. 700,-

Hægt er að kaupa miða á eftirtöldum stöðum  
Ísafjörður - skrifstofa Verk-Vest.

Súðavík - Víkurbúðin

Þingeyri - Hamóna - N1

Bíldudalur - Landsbankinn

Tálkna fjörður - Landsbankinn

Patreksfjörður - Landsbankinn

Hólmavík - Sparisjóðurinn



## Bilety na przejazd tunelem Hvalafjarðargöng

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng  
można zakupić w biurze Związków Zawodowych  
Verk-Vest w Ísafjörður. Cena biletu zniżkowego  
dla członków związków wynosi 550 kr. Pełna cena  
biletu wynosi 700 kr.

Bilety również są do nabycia w następujących  
punktach: Víkurbúðin Súðavík,  
Sparisjóður w Hólmavík,  
Landsbankinn Patreksfjörður,  
Tálkna fjörður i Bíldudalur,  
na stacji paliw N1 w Þingeyri.



## Discount tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets for the Hvalfjörður tunnel can be obtained  
at the Verk - Vest office in Ísafjörður. The price of  
each ticket for Union members is only kr. 550. For  
others kr. 700.

Tickets may also be purchased in  
Súðavík - Víkurbúðin  
Þingeyri - Hamóna - N1  
Bíldudalur - Landsbankinn  
Tálkna fjörður - Landsbankinn  
Patreksfjörður - Landsbankinn  
Hólmavík - Sparisjóðurinn



## Orlofsuppbót

Rétt er að minna á að samkvæmt kjarasamningum skal greiða  
orlofsuppbót þann 1. júní til allra starfsmanna, sem hafa verið  
samfellt í starfi hjá sama atvinnurekenda í 12 vikur á síðustu  
12 mánuðum. Greiðslan skal miðuð við starfshlutfall og  
starfstíma á orlofsárinu.

Orlofsuppbót verkafólks og iðnaðarmanna kr. 27.800,  
verslunar- og skrifstofufólks kr. 21.000 og starfsmenn  
sveitarfélaga kr. 37.000.

## Summer bonuses

Verk – Vest reminds its members that, according to collective  
wage agreements, they are entitled to a Summer bonus. The  
amount varies, depending on contract specifications and the  
period defined as full-time employment.

Summer bonus for general workers (verkafólk og  
iðnaðarmenn) kr. 27.800, for those who are working in shops  
and offices (verslunar- og skrifstofufólk) kr. 21.000. The  
bonus is to be paid as a single sum and is without the addition  
of holiday payment (orlof).

## Premia letnia

Związki Zawodowe Verk Vest przypominają swoim członkom,  
iż zgodnie z przepisami zawartymi w umowach zbiorowych,  
osobom pracującym w Islandii należy się premia letnia  
wypłacana jednorazowo która zależna jest od okresu pracy,  
wysokości etatu. Premia letnia dla pracowników biurowych  
i handlowców wynosi 21.000 kr. natomiast dla pracowników  
fizycznych i rzemieślników wynosi 27.800 kr.

*VÍS sendir sjómönnum landsins  
og fjölskyldum þeirra heillaóskir.  
Við erum strandþjóð og okkur er  
fiskveiði í blóð borin. Við hugsum til  
sjómanna okkar með blýhus og stolti  
í dag eins og aðra daga og óskum þeim ö  
ruggna og fengsella ferða*



## Hús Verk-Vest á Ísafirði og Suðureyri verða klædd að utan í sumar



Verkalýðsfélag Vestfirðinga hefur ákveðið að láta klæða að utan húseignir félagsins, Verkalýðshúsið Pólgötu 2 á Ísafirði og Bjarnaborg við Aðalgötu 26 á Suðureyri. Tilboð í utanhúsklæðningar fasteignanna voru opnuð að viðstöddum fulltrúum frá tilboðsgjöfum, Tækniþjónustu Vestfjarða og fulltrúum Verk-Vest nú í byrjun maí. Alls bárust 6 tilboð í bæði húsin en kostnaðaráætlun við Aðalgötu 26 á Suðureyri hljóðaði upp á kr. 9.765.284 og kostnaðaráætlun við Pólgötu 2 á Ísafirði hljóðaði

upp á kr. 7.793.050.

Lægstu tilboð í bæði verk-in komu frá G.Ó.K. húsmiði ehf. í Bolungarvík. Tilboð þess í Pólgötuna var 75,4% af kostnaðaráætlun og í Aðalgötuna 70,5% af kostnaðaráætlun. Farið var yfir tilboðin á stjórnarfundum Verk Vest 8. maí þar sem samþykkt var að ganga til samninga við G.Ó.K. húsmiði ehf. um framkvæmdirnar. Umsjón með framkvæmdunum verður í höndum Tækniþjónustu Vestfjarða.

## Stálið á Hrafnseyrarheiði



Fulltrúar Verk Vest fóru á aðalfund Orlofsbyggðarinnar í Flókalundi nú fyrir skemmstu. Þeir fóru vesturleiðina yfir Hrafnseyrarheiði og þá leit hún svona út. Þarna eru stórir og stæðilegir menn á ferð, en virðast litlir í samanburðinum: Sævar Gestsson, Kári Þór Jóhannsson og Guðjón K. Harðarson. Það var formaðurinn Finnþógi Sveinbjörnsson sem tók myndina.

## Vinningshafi síðustu krossgátu



Helgi Ólafsson starfsmaður Verk Vest afhendir Guðrúnu Kristinsdóttur vinninginn fyrir rétta lausn á síðustu krossgátu.


Dregið var úr innsendum lausnum í krossgátu Fréttablaðs Verk-Vest frá því í desember. Vinningshafinn var Guðrún Kristinsdóttir, Stakkanesi 14 Ísafirði. Verðlaunin voru bókin Vindur í seglum. Saga verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum 1. bindi, 1890-1930 eftir Sigurð Pétursson sagnfræðing. Við óskum Boggu til hamingju með verðlaunin og þökkum öllum þeim sem sendu inn lausnir. Um leið hvetjum við fólk til að reyna sig við nýju krossgátuna sem birtist hér á næstu síðu.

## Lausn síðustu krossgátu

Lausnarorð: VOGARSKÁL

		S		F		R							
		⇒ K	O	N	A	N	↻ Ó	A					
		Á	R	A	G	N	Ó	T	T				
		Á	L	M	U		A	S	A	R			
	K	U	Ð	L		Á	R	I					
⚡		↓		F	U	M		U	R	T		Ð	
	S	N	Ó	T	I	R		F	L	Ó	T	T	I
	T	E	T	U	R		U	Ó	L		↓	E	
V	E	I	T	T	N	Ó	N	R		S	V	I	K
	L	↓	A	T		E	I	N	B	Ú	I	N	N
R	U	N	U	R		E	F	I		Ð		Á	
	R	E		G	Á	R	↑	Ú	T		↓	G	A
	B	I	T	U	R		Í	S	M	Á	V	U	R
	Ú	↓	E		Á	R	↑		Ý	T	I	N	
	H	E	I	M	T	I	N	G		A	G	N	I
M	Ö	K		A	U	Ð	N		U	M	T	A	L
A	L	K	A	R		S	I	G	G	E	I	R	
	D	I	G	R	A		E	R	G	I	N	S	É
	U	↻	N	E	M	A	↻	Á	A	N	A		L
F	R	O	S	K	A	N	A		R	A	K	K	I





				SVÍ- VIRÐA	→	KÆLA	LÍT- LIMUR MEIÐA	SAM- HLJ.	FJÓTR- ARNIR	→	PÓFI
				⇒					↘ TVÍHL.		
				ILÁT				STAF- UR FART			9
				SKÓLI FENGIS			5				BITI
				1000 TÖNN		BER END- ING					
JS 273	↓	GRAS- SKERI	HRADÍ STALL- URINN	→	FIMINA BRAK- ADÍ						
HRÍÐ- ARÉL			2						SRM- STÆÐ- IR	↓	TÖNN UNGL- INGIS
FLÚS					7	TÖNN BÓL- UNA	GORTA HLJÓÐ- FÆRI	✓			
TALAN HERRA	↔					↔				↘ FURJEN	VIRKI
→					SÓÐI SKIP- UN				LAS- LEIKI	'ATTIR ANNARS	1
TÖNN PARTIL		8	GÆN DEKK- INGU FANGAR								
→			R.VÍK SLÆMU		SAMST. PLÖG		GÆFA SPYRJA				
FRAM- LEIÐSL- UNA	←								BLÓT BEITU		
SÝL GLITR- AD	↔				BLÓTAD LOFT					SK.ST. FELRÖS PLAT- AR	
→						AFKV- EMIN HREKK					10 KIPP
SKEINR					ASÍU RÍKI TRÉ		4		SVAR KRÖK		
'ÍÐR- FÉLAG			SVOLA KALL					MÚG MJAKI			
EINN			SPANN KONA PESSI		3				HAND- VEGUR OFN		
FOR- SÖGN	↘ SAMHL.									↘ TATT	
↓			HARD- FISK STORMUR					6			

VERÐLAUNAKROSSGÁTA. Lausnarorð sendist til: Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Pólgötu 2, 400 Ísafirði, fyrir 1. ágúst 2012.

Dregið verður úr réttum lausnum. Verðlaun: Vindur í seglum. Saga verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum 1. bindi, 1890-1910.

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----

# Starfsemi á árinu 2011

(Allar fjárhæðir í milljónum kr.)



LÍFEYRISSJÓÐUR  
VESTFIRÐINGA



  
LÍFEYRISSJÓÐUR  
VESTFIRÐINGA  
Hafnarstræti 9  
400 Ísafirði  
Sími: 456-4233  
www.lvest.is  
afgr@lvest.is

Efnahagsreikningur:	31.12.2011	31.12.2010
Fasteignir	32	32
Verðbréf með breytilegum tekjum	11.348	10.967
Verðbréf með föstum tekjum	15.394	15.328
Veðlán	588	563
Bundin innlán	222	0
Kröfur	621	616
Aðrar eignir	178	344
Skuldir	-212	-1.189
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>28.171</b>	<b>26.661</b>

Breytingar á hreinni eign	2011	2010
Iðgjöld	1.100	1.051
Lífeyrir	-839	-793
Fjárfestingartekjur	1.383	1.358
Fjárfestingargjöld	-30	-23
Rekstrarkostnaður	-81	-76
Skattur á hreina eign sjóðsins	-23	0
Hækkun á hreinni eign á árinu	1.510	1.517
Hrein eign frá fyrra ári	26.661	25.144
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b>	<b>28.171</b>	<b>26.661</b>

Kennitölur	2011	2010
Nafnávöxtun	5,2%	5,2%
Raunávöxtun	-0,1%	2,6%
Vísitöluhækkun	5,3%	2,6%
Eignir umfram heildar skuldbindingar %	-9,2%	-8,2%
Eignir í ísl. kr. %	72,9%	69,0%
Eignir í erl. gjaldmiðlum %	27,1%	31,0%
Fjöldi greiðandi sjóðfélaga	3362	3371
Fjöldi lífeyrisþega	1765	1483

## Afkoma

Nafnávöxtun sjóðsins 2011 var 5,2% sem jafngildir -0,1% raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins sl. 10 ár er 0,8%. Raunávöxtun innlendra hlutabréfa á árinu var -15,1%, erlendra verðbréfa -7,6%, veðskuldabréfa 5,6%, markaðsbréfa fyrirtækja -1,5%, skuldabréfa sveitarfélaga 5,6% og ríkisskuldabréfa 5,2%.

## Séreign

Árið 2011 einkenndist af útgreiðslum úr séreignardeild vegna breytinga á lögum um lífeyrissjóði þar sem sjóðfélögum yngri en 60 ára var heimilað að taka allt að 6 millj. kr. út af séreign á 2 árum. Greiddar voru úr séreign 25 milljónir kr. og þar af voru 16 milljónir kr. vegna lagabreytinganna. Eignir séreignardeildar eru í eignastýringu hjá Íslenskum Verðbréfum hf. og allar í virkri stýringu. Hrein eign séreignardeildar í árslok var 487 milljónir og hafði hækkað um 40 milljónir frá fyrra ári. Nafnávöxtun ársins var 11,8% sem jafngildir 5,1% raunávöxtun.

## Tryggingarfræðileg staða

Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem bráðabirgðaákvæði laga um lífeyrissjóði setur.

## Stjórn sjóðsins

Kristján G. Jóhannsson, formaður  
Áslaug Alfreðsdóttir

Finnbogi Sveinbjörnsson, varaformaður  
Finnur Magnússon, ritari

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Guðrún K. Guðmannsdóttir